

Stefna Samherja hf. í öryggis-, heilbrigðis- og vinnuverndarmálum



Stefna þessi gildir fyrir Samherja hf. og dótturfélög.

Samherji leggur ríka áherslu á öryggis-, heilbrigðis- og vinnuverndarmál og vill vera leiðandi í þessum málaflokki. Samherji hefur það markmið að tryggja slysalausa starfsemi og að ekkert starfsfólk bíði heilsutjón í starfi sínu.

Samherji vinnur stöðugt að umbótum á starfsstöðvum sínum og leitar allra leiða, með þróun, nýjum lausnum og bættum verklagsreglum til að fjarlægja, fyrirbyggja og/eða minnka þá hættu sem steðjar að í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum í samvinnu við starfsfólk sitt.

Samherji leggur metnað sinn í að fylgja gildandi lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðrum gildandi reglum. Fræðsla og leiðbeiningar um öryggi og vinnuvernd eru bæði almennar og sérsniðnar að hverri starfsstöð.

Áherslur Samherja í öryggismálum

Samvinna

- felst í að allt starfsfólk Samherja beri ábyrgð á eigin öryggi og heilsu, eru talsmenn aukins öryggis og heilsu samstarfsfólks og leitast við að koma auga á, meta og bregðast við hættum í vinnuumhverfinu. Allir eru hvattir til að leggja fram tillögur sem stuðla að framförum og taka þátt í því að hrinda þeim í framkvæmd þegar við á.

Forvarnir

- ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón og draga úr afleiðingum atburða og aðstæðna sem gætu valdið heilsutjóni.

Fagmennska

- felur í sér að verk séu unnin heiðarlega, á grundvelli fullnægjandi þekkingar og í samræmi við lög, reglur og viðurkennt verklag.

Stefnumið

Til að ná fram markmiði sínu um slysalausa starfsemi hefur Samherji sett sér eftirfarandi stefnumið:

- Allir hjá Samherja eru meðvitaðir um að öryggismál snerta okkur öll og er samstarfsverkefni. Hver og einn þarf að huga að eigin öryggi og annarra.
- Aðbúnaður á vinnustað miði að því að viðhalda góðri heilsu og vellíðan starfsfólks.
- Starfsfólki er tryggð nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd.
- Áhætta er metin í allri starfseminni.
- Ábyrgð stjórnenda er skýr og starfsfólk veit að öryggi þeirra hefur ávallt forgang.
- Unnið stöðugt að umbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum.
- Lagalegar kröfur í öryggismálum eru lágmarksviðmið og strangari kröfur eru gerðar eftir því sem við á.

Úrræði til að uppfylla stefnumið

Samherji styðst við eftirfarandi úrræði til að uppfylla stefnumið sín:

- Öryggisstjórnunarkerfið og öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnan er rýnd árlega og starfsfólk og aðrir hagsmunaaðilar eru upplýstir um þá stefnu sem í gildi er á hverjum tíma.
- Atvik sem snerta öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmál eru skráð og unnið úr þeim í forvarnarskygni.
- Slysavarnaskóli sjómanna þar sem sjómenn sækja sér menntun og endurmenntun um öryggismál.
- Öryggisnefnd er starfandi til að sinna öryggismálum.
- Neyðarstjórn (öryggisráð) stýrir viðbrögðum við stærri vá.
- Áætlanir um viðbrögð við vá eru tiltækar og æft er samkvæmt viðbragðsáætlunum.

Samþykkt af stjórn Samherja hf. þann 5. mars 2021